

Ed. 767. Frumvarp til laga [417. mál]

um breytingu á lögum um samvinnufélög, nr. 46 frá 13. júní 1937.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Halldór Blöndal, Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

Á eftir 34. gr. í VI. kafla laganna, um samvinnusambönd, komi fjór. - nýjar greinar er orðist svo:

a. (35. gr.)

Verði rekstrarafgangur hjá félaginu getur aðalfundur ákveðið að leggja hann eða hluta af honum í sérstakan sjóð er nefnist arðjöfnunarsjóður. Að öðru leyti skiptist rekstrarafgangur á milli félagsaðila í réttu hlutfalli við viðskipti hvers og eins á árinu og færist á sérstakan reikning hvers félagsaðila. Þetta fé skal teljast lán til félagsins. Félag aðilar eiga arðjöfnunarsjóð og eignir félagsins umfram bókfært verð í réttu hlutfalli við viðskipti hvers og eins, endurmetið frá ársbyrjun 1981 eftir verðbreytingarstuðli sem miðast við breytingu á meðaltalsbyggingarvísitölu milli ára, reiknaðri út eftir gildandi lögum á hverjum tíma.

Árlega skal gefið út eignarskírteini er sýni eignarhlutfall hvers félagsaðila við hver áramót.

Félag aðilar eiga ekki rétt á að fá greiddan út eignarhlut sinn í arðjöfnunarsjóði og öðrum eignum félagsins. Félag aðilum er óheimilt að selja eignarskírteini sín, en hafi þeir hætt að vera félagsaðilar ber félaginu að innleysa eignarskírteinin og skal verðmæti þeirra vera óskiptur reikningslegur tekjuafgangur Sambands íslenskra samvinnufélaga eða fyrirtækja sem SÍS á að öllu leyti eða hlutdeild í, að frádregnum útreiknuðum eignarhlutum annarra eignaraðila. Verðmæti eignarskírteinis skal miðast við ársreikning við næstu áramót eftir að félagsaðili fer úr félaginu eða hættir rekstri vegna gjaldþrots og breytist ekki eftir það, og skal tekið tillit til skatta sem SÍS eða fyrirtækjum, sem SÍS á, bæri að greiða vegna eignarhlutarins héraðs og erlendis. Eignarhlutur félagsaðila greiðist út á 10 árum með 3,5% vöxtum og verðtryggingu samkvæmt lánskjaravísitölu. Gefin verða út skuldabréf þegar eignarhluturinn liggur fyrir. Krafa um eignarhlut fyrnist á 10 árum frá því félagsaðild lauk.

Eignarskírteinin veita engan rétt til afskipta af stjórn félagsins eða rekstri. Heimilt er stjórn félagsins með samþykki aðalfundar að ákveða að eigendum eignarskírteina skuli greiddir vextir af eign sinni samkvæmt eignarskírteinum. Stjórn félagsins getur sett nánari reglur um gerð og meðferð eignarskírteina.

b. (36. gr.)

Ákvæði 24. og 25. gr. skulu ekki gilda um reikningsuppgjör samvinnusambanda.

c. (37. gr.)

Allar eignir samvinnusambanda, þar með taldir varasjóðir og stofnsjóðir, skulu falla undir eignauppgjör í samræmi við ákvæði 35. gr.

d. (38. gr.)

Önnur lagaákvæði, er brjóta í bága við ákvæði 35. gr. þessara laga eða hindra framkvæmd þeirra á grundvelli gildandi laga um samvinnufélög, skulu ekki gilda gagnvart samvinnusamböndum, SÍS.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Viðskiptaráðherra skal annast framkvæmd þessara laga. Skal samvinnusamböndum — Sambandi íslenskra samvinnufélaga — og aðildarfélögum þeirra gefinn hæfilegur frestur til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum og reikningsuppgjörum til að fullnægja ákvæðum þessara laga.

Með hæfilegum fresti er átt við að lög in verði komin til fullra framkvæmda við reikningsuppgjör ársins 1988.

Viðskiptaráðherra gerir Alþingi grein fyrir hvað undirbúningi að framkvæmd laganna líður er þing kemur saman haustið 1988.

Komi upp vafaatriði eða ágreiningur um eignatengsl, eignamat, uppgjör eigna eða önnur veigamikil atriði er varða stöðu samvinnusambanda, SÍS eða eignaraðila, skal ráðherra heimilt að kveða til sérfróða menn er úrskurði um ágreiningsatriði. Þá er ráðherra heimilt að gefa út reglugerð við lausn slíkra vandamála.

Greinargerð.

Viðurkennt er að lög um samvinnufélög, nr. 46 frá 13. júní 1937, séu orðin algjörlega úrelt og í engu samræmi við ríkjandi aðstæður í nútímaatvinnulífi þrátt fyrir nokkrar breytingar frá því að þau voru sett. Stöðugt eru gerðar meiri kröfur um aukna ábyrgð og skyldur einstaklinga og fyrirtækja. Eftir því sem fyrirtækin eru stærri og umfangsmeiri eru gerðar ákveðnar kröfur um upplýsingaskyldu. Hérlendis eru hliðstæðar skyldur ekki lagðar á stórfyrirtæki né fyrirtækjasamsteypur. Í lögum um samvinnufélög eru mjög takmörkuð og óskýr ákvæði varðandi raunverulega eignar- og réttarstöðu aðildarfélaga samvinnusambanda svo sem Sambandi íslenskra samvinnufélaga (SÍS). Gildir það einnig um stöðu þriðja aðila svo sem kröfuhafa sem kynnu að eiga kröfur á hendur þessum aðilum við gjaldþrot eða slit umræddra eignarfélaga (fyrirtækja).

Nægir að vísa til óljósrar réttarstöðu kröfuhafa, og jafnvel stjórnarmanna, við nýorðið gjaldþrot eins af eignaraðilum Sambands íslenskra samvinnufélaga, Kaupfélags Svalbarðs-eyrar. Þá er það þekkt úr gjaldþrotasögu ýmissa kaupfélaga að fjöldi lánardrottna hafi tapað miklum fjármunum við gjaldþrot þessara fyrirtækja, m.a. vegna þess að réttmatur eignarhluti kaupfélaga í samvinnusambandi (SÍS) hefur ekki komið til skipta. Síðan hafa kaupfélög verið endurreist undir nýju nafni í skjóli samvinnulaga. Slíkt er að sjálfsgöðu með öllu óþolandi og felur í sér óeðlilega vernd á kostnað annarra.

Á grundvelli gildandi laga um samvinnufélög á sér stað uppsöfnun eigna í samvinnusamböndum, SÍS, sem aðildarfélög, kaupfélögin, fá aldrei hlutdeild í. Slíkt verður að teljast óeðlilegt og í engu samræmi við 31. gr. samvinnufélagalaga, svo sem sjá má í lögnum um samvinnufélög sem birt eru sem fylgiskjal með þessu frumvarpi.

Þrátt fyrir það sem að framan segir eru ákvæði laganna ekki nægilega afgerandi með sérstöku tilliti til hins nýja og útvíkkaða hlutverks samvinnufélaga og samvinnusambanda í íslensku atvinnulífi. Enda ber þá að hafa í huga að lög um samvinnufélög eru að meginstofni frá árinu 1937.

Þá voru ríkjandi allt aðrar aðstæður á Íslandi og kröfur um rekstrarform fyrirtækja gjörólíkar því sem nú tíðkast. Í þessu sambandi má m.a. vísa til ræðu er núverandi forstjóri SÍS, Guðjón Ólafsson, flutti í mars sl., þar sem hann lagði áherslu á að núverandi rekstrarform íslensku samvinnuhreyfingarinnar væri orðið úrelt og þar þyrftu að koma til skipulagsbreytingar í samræmi við kröfur og samkeppni nútímans. Þessi ummæli Guðjóns Ólafssonar hljóta að vera mönnum ærið umhugsunarefni, ekki síst í þeim byggðarlögum þar sem nánast allir þættir atvinnulífsins eru í höndum kaupfélagsins á staðnum.

Það er því ljóst að gildandi lög um samvinnufélög eru alls ófullnægjandi fyrir bæði eignaraðila, samvinnusambönd (SÍS), sem og þriðja aðila, sem kynni að eiga bótakröfu á hendur þeim við gjaldþrot svo sem dæmin sanna. Hliðstæð rök eiga við um mörg önnur ákvæði umræddra laga. Það er því brýnt og ekki seinna vænna að nú þegar verði ýmis ákvæði laga um samvinnufélög frá 1937 tekin til endurskoðunar og þeim breytt til nútímahorfs. Þetta á einkum við þau ákvæði laganna er lúta að eignavörslu og uppfærslu raunverulegra eigna aðildarfélaga samvinnusambanda, SÍS.

Það verður að teljast eðlilegt að félagsskapur, sem nýtur sérstakrar lagaverndar og telur tugi þúsunda félagsmanna innan sinna vébanda, uppfæri árlega í reikningum sínum nettó-eignarhluta einstakra aðildarfélaga og sýni þar með árlega raunverulega eignarstöðu sem og breytingar ár frá ári.

Samband íslenskra samvinnufélaga er orðið völdugasta fyrirtækjasamsteypa íslensku þjóðarinnar og kemur við sögu í flestum greinum atvinnulífsins. Rekstrarhlutdeild þess og ýmissa undirfélaga er víða um eða yfir 50% af heildarviðskiptum viðkomandi greina. Það er því mikilvægt að eignarhlutdeild, ábyrgð og tryggingar, og eignaraðild, komi skýrt fram á hverjum tíma þannig að þetta umfangsmikla fyrirtæki sé hafið yfir allan grun í rekstrarlegu tilliti og sitji við sama borð og aðrir rekstraraðilar. Enn síður getur löggjafinn unað þeirri óvissu sem nú er um það hver sé raunverulegur eigandi Sambands íslenskra samvinnufélaga og dótturfyrirtækja þess.

Tilgangur þessarar lagabreytingar er að ná þessu markmiði, sem og að tryggja að einstakir eignaraðilar samvinnusambanda, þ.e. SÍS, kaupfélög og önnur samvinnufélög, viti hver er raunveruleg eign þeirra í viðkomandi samvinnusambandi, umfram stofnsjóð, jafnframt því sem kröfuhafar geta við hugsanlegt gjaldþrot aðildarfélags gert kröfur í þessa eign og aðrar eignir þrotabús. Eins og nú háttar um eignauppgjör samvinnusambanda er slíkt útilokað, enda ekki gert ráð fyrir slíku sundurliðuðu eignauppgjöri í núgildandi lögum. Þessi skylda verður að teljast eðlileg, þegar haft er í huga að umsvif aðalsamvinnusambands Íslands, Sambands íslenskra samvinnufélaga, hefur aukist mikið á síðustu árum, heima fyrir og erlendis. SÍS er eignaraðili í mörgum stórum og umsvifamiklum fyrirtækjum sem hafa myndað miklar eignir vegna reksturs síns. Krafa aðildarfélaga SÍS og helstu eignaraðila þeirra, þ.e. félagsmanna samvinnufélaganna, hlýtur því að vera sú að þeir viti á hverjum tíma hver er raunverulegur hluti þeirra í eignauppgjöri samvinnuhreyfingarinnar. Þá getur löggjafinn ekki lengur unað við það að stærsta rekstrarsamsteypa þjóðarinnar, SÍS, sé ekki gert skylt að sundurliða eignastöðu sína með viðunandi hætti eins og öðrum aðilum er gert skylt samkvæmt gildandi lögum.

Þess má geta hér að í sambærilegum stórfyrirtækjum hérlendis sem erlendis er sá háttur við hafður í eignauppgjöri sem hér er lagt til.

Á grundvelli sambærilegra ákvæða í samþykktum viðkomandi fyrirtækja er árlega færður upp eignarhluti viðkomandi félagsaðila og birtur í ársreikningum. Með þessum hætti vita félagsaðilar nákvæmlega hver er eignarhluti þeirra í heildareignum slíkra stórfyrirtækja. Þá hlýtur það að hafa mikla þýðingu fyrir viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækja sem og fyrir aðra viðskiptavini að slíkar upplýsingar liggi jafnan fyrir. Í eignauppgjöri sem þessu felst enn fremur veigamikil trygging fyrir kröfuhafa við gjaldþrot, jafnframt því sem stjórnendum stórfyrirtækja, sem byggð eru upp á úreltum ákvæðum laga um samvinnufélög, er veitt sambærilegt aðhald og aðrir búa við í rekstri fyrirtækja á Íslandi.

Ástæða er til að álíta að hinn mikli fjöldi eignaraðila að kaupfélögum og SÍS, félagar samvinnuhreyfingarinnar, sem að sögn forráðamanna þessara fyrirtækja, skipta tugum þúsunda (40–50 000) hljóti að fagna þeim lagabreytingum, sem þetta frumvarp felur í sér. Með þeim er tryggð nauðsynleg upplýsingaskylda um raunverulega eign manna í samvinnuhreyfingum samfara nauðsynlegu aðhaldi um meðferð mikilla eigna í þágu fjöldans.

Fylgiskjal.

Lög um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937, með síðari breytingum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll félög, er starfa á samvinnugrundvelli, með því markmiði að efla hagsæld félagsmanna, í réttu hlutfalli við þátttöku þeirra í félagsstarfinu, og hafa það verksvið og skipulag, sem nánar er tekið fram í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Verksvið samvinnufélaga er:

1. Að kaupa vörur til heimilisþarfa handa félagsmönnum eða hluti, er þeir þarfnast til afnota fyrir sjálfa sig, á þann hátt, að vörurnar fáiast sem beinasta leið frá framleiðendum og sparist útgjöld við óþarfa milliliði (kaupfélög, pöntunarfélög).
2. Að selja afurðir af búum félagsmanna, eða vörur, er þeir framleiða sjálfir með eigin atvinnurekstri, enda sé lögð stund á vöruvöndun og hún háð opinberu eftirliti eða tryggð á annan hátt (sláturfélög, smjörbú).
3. Önnur starfsemi, svo sem almenn fræðsla, bygging híbýla fyrir fjölskyldur, starfræksla iðnaðarfyrtækja og útvegum lána til atvinnurekstrar.

3. gr.

Aðaleinkenni á skipulagi samvinnufélaga eru:

1. Aðgangur frjáls fyrir alla, er fullnægja ákveðnum skilyrðum. Heimilt er þó fólki í ákveðinni starfsgrein að stofna framleiðslusamvinnufélag, sem hafi að markmiði að annast atvinnustarfsemi innan starfsgreinarinnar, og má þá setja það skilyrði, að félagið sé aðeins opið fólki úr viðkomandi starfsgrein.
2. Atkvæðisréttur jafn, þannig að hver félagsmaður hafi eitt atkvæði, án tillits til eigna eða viðskipta í félaginu.
3. . . .
4. Tekjuafgangi í ársreikningi félagsins, er stafar af því, sem útsöluverð á keyptum vörum félagsmanna hefir verið ofan við kostnaðarverð, ellegar útborgað verð fyrir seldar vörur þeirra hefir reynzt neðan við fullnaðarverð, skal úthlutað eftir viðskiptamagni hvors um sig.
5. Í stofnsjóð leggist sem séreign hvers félagsmanns nokkuð af tekjuafgangi þeim, er kemur í hans hlut við reikningslok.
6. Arður af viðskiptum, er utanfélagsmenn kunna að hafa gert við félagið, að frádragnum opinberum gjöldum, sem á hann eru lögð, skal lagður í varasjóð, nema honum sé varið á annan hátt til almenningsþarfa.
7. Vextir af inneignum félagsmanna, hvort heldur í stofnsjóði eða innlánsdeild, ellegar viðskiptareikningi, eigi hærri en 1½% ofan við innlánsvexti í bönkum, enda eigi úthlutað arði á annan hátt.
8. Nafnaskrá skal haldin yfir félagsmenn, svo að jafnan sé fyrir hendi óræk skýrsla um félagatal.

9. Innstæðufé í óskiptilegum sameignarsjóðum sé ekki útborgað við félagsslit, heldur skal það, að loknum öllum skuldbindingum, sem á félagsheildinni hvíla, ávaxtað undir umsjón hlutadeigandi héraðsstjórnar, unz samvinnufélag eða samvinnufélög með sama markmiði taka til starfa á félagssvæðinu. Fær það félag eða þau félög þá umráð sjóðeignarinnar, að áskildu samþykki sýslunefndar, eða bæjarstjórnar, og atvinnumálaráðherra.

II. KAFLI

Félagsstofnun.

4. gr.

Nú vilja menn stofna samvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða.

Ef 15 menn eða fleiri koma sér saman um félagsstofnun og bindast samtökum að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir, í samræmi við lög þessi, og er þá félagið löglega stofnað.

5. gr.

Í samþykktum skulu greind eftirfarandi atriði:

1. Heiti félagsins fullum stöfum og skammstafað, heimilisfang og varnarþing.
2. Markmið félagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir.
3. Tilhögun á stjórn félagsins og vald hennar í félagsmálum.
4. Deildarskipun félagsins, ef gert er ráð fyrir því fyrirkomulagi, og fulltrúakosning deilda.
5. Skipun framkvæmdarstjóra og starfsvið hans.
6. Vald og verksvið félagsfunda og á hvaða tímabili aðalfund skal halda ár hvert.
7. Sjóðstofnanir og lántökuheimildir.
8. Ábyrgð félagsmanna gagnvart skuldbindingum félagsins. Ábyrgð hvers félagsmanns í félögum, sem um ræðir í 2. gr. 1. tölulið, má ekki vera minni en 300 kr., auk innstæðu hans í stofnsjóði. Þó má í félögum, sem eingöngu selja gegn staðgreiðslu, takmarka ábyrgð félagsmanns við stofnsjóðsinnstæðu hans, enda skal þá leggja helming af úthlutuðum tekjuafgangi við stofnsjóðsinnstæðu hans, umfram stofnsjóðstillag skv. 26. gr., unz innstæðan nemur 300 kr.
9. Reikningsskil, endurskoðun og úrskurðir reikninga.
10. Breytingar á samþykktum og viðaukar, svo og félagsslit.

6. gr.

Jafnskjótt sem félag er stofnað og samþykktir settar, skal kjósa stjórn og endurskoðendur.

7. gr.

Í samþykktum skulu ákveðin skilyrði fyrir inngöngu nýrra félagsmanna. Við inngöngu skrifar hver félagsmaður undir skuldbindingu um, að hann sé háður samþykktum félagsins eins og þær eru eða verða á hverjum tíma.

Inngöngueyrir er minnst 10 kr., er rennur í varasjóð eða annan óskiptilegan sameignarsjóð.

8. gr.

Enn fremur skulu í samþykktum ákveðin skilyrði fyrir úrgöngu úr félaginu og ástæður, er heimili brottrekstur félagsmanna. Úrsögn sendist félagsstjórn og sömuleiðis tilkynning um andlát félagsmanns eða burtflutning af félagssvæðinu. Félagmaður, er fer úr félaginu, eða bú þess, er deyr, ber ábyrgð á þeim skuldbindingum félagsins, er á því hvíldu, er hann gekk úr, þó eigi lengur en 2 ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema mál hafi risið út af skuld, er biði úrslita dómstólanna.

III. KAFLI

Skrásetning.

9. gr.

Samvinnufélag, sem löglega er stofnað, skal skrásett samkvæmt lögum þessum, og getur það þá fyrst öðlzt réttindi á hendur mönnum með samningi, og aðrir á hendur því.

Í félagi, sem ekki er skrásett, bera stjórnendur þess eða félagsmenn sem einstaklingar ábyrgð á þeim skuldbindingum, er þeir gera fyrir félagsins hönd.

10. gr.

Skrásetning annast lögreglustjóri, þar sem félagið hefir heimilisfang. Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um, hvernig skrásetningu skuli haga, og lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar.

11. gr.

Á mánaðarfresti eftir að félag er stofnað skal stjórn þess tilkynna það til skrásetningar. Félag, sem stofnuð eru áður en lög þessi öðlast gildi, hafa tilkynningarfrest frá fyrsta aðalfundi, sem tækifæri hefir haft til að breyta félagssamþykktum í það horf, sem lög þessi mæla fyrir. Í tilkynningu skulu greind þessi atriði:

1. Heiti félagsins, heimili og varnarþing.
 2. Tilgangur félagsins og starfsemi.
 3. Dagsetning félagssamþykktanna.
 4. Full nöfn, staða og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra.
 5. Hver heimild hafi til að skuldbinda félagið með samningum og hvernig undirskrift sé hagað.
 6. Hvernig boða skuli félagsmönnum fundi og birta þeim fundarályktanir eða önnur málefni, er þá varða.
 7. Hve mikla ábyrgð hver félagsmaður ber á skuldbindingum félagsins.
- Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félagsins í 2 eintökum, svo og lögboðin gjöld.

12. gr.

Nú setur samvinnufélag útibú í öðru lögsagnarumdæmi en heimili þess er, og skal félagið þá einnig skrásett þar. Tilkynning sé komin til lögreglustjóra, þegar útibúið tekur til starfa, og skal auk þess, sem fyrr greinir, geta þess, hver stýri útibúi og skuldbindi félagið vegna þess.

Ef félag setur útibú í sama lögsagnarumdæmi og heimili þess er, skal tilkynna til skráningar stofnun útibúsins og hver skuldbindi félagið vegna þess.

13. gr.

Ef samþykktum félags er breytt eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynnt hefir verið til skrásetningar, skal tilkynna lögreglustjóra breytinguna innan mánaðar. Bústaðaskipti þarf þó ekki að tilkynna, nema maður taki sér bólfestu utanlands, né heldur breytingu á heimilisfangi félags innar sama lögsagnarumdæmis. En sé heimili þess flutt í annað lögsagnarumdæmi, skal félagið skrásett þar.

Sé samþykkt að breyta ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, skal breytingin þegar tilkynnt til skrásetningar og auglýst í Lögbirtingablaðinu. Ef ábyrgð félagsmanna er minnkuð fær breytingin ekki gildi um eldri skuldbindingar gagnvart öðrum en nýjum félagsmönnum, fyrr en tvö ár eru liðin frá auglýsingardegi. Ef beiðni um að taka félagið til skipta er afhent skiptaráðanda áður en þessi frestur er liðinn, breytist ábyrgð félagsmanna ekki, nema beiðnin sé afturkölluð eða reynist ekki á rökum byggð.

Ef ábyrgð félagsmanna er aukin, gildir breytingin aðeins gagnvart þeim félagsmönnum, sem samþykkja hana skriflega. Aðalfundi er heimilt að ákveða, að þeir félagsmenn, er eigi samþykkja ábyrgðarhækkun, missi félagsréttindi.

14. gr.

Nú vantar í tilkynningu greinargerð um einhver þau atriði, sem skylt er að geta, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri birta það tilkynnanda, svo fljótt sem kostur er á, en fresta skrásetningu unz úr er bætt. Rétt er tilkynnanda að bera málið undir atvinnuáráðherra eða leita úrlausnar dómstóla.

15. gr.

Tilkynningu til skrásetningar skal lögreglustjóri tafarlaust birta í Lögbirtingablaði, á kostnað tilkynnanda.

Skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á ári hverju, lætur atvinnuáráðherra birta í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Um firmu samvinnufélaga fer eftir ákvæðum firmalaganna.

Sama er um varnarþing, stefnubirtingu og stefnufrest í málum á hendur félagi.

17. gr.

Það, sem skrásett hefir verið og birt samkvæmt lögum þessum, skal telja manni kunnugt, nema atvik séu svo vaxin, að telja megi hann hvorki hafa haft vitneskju um það né að til þess verði ætlazt af honum. Nú hefir lögskipuð birting eigi fram farið, og hefir skrásetningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.

IV. KAFLI

Félagsstjórn.

18. gr.

Félagsfundur hefir æðsta vald í málefnum félagsins, með þeim hætti, sem lög ákveða og samþykktir þess.

Einn aðalfundur skal halda ár hvert. Aukafundur getur félagsstjórn boðað, þegar henni þykir þess þörf. Ennfremur er stjórninni skylt að boða til aukafundar, ef fjórðungur félagsmanna eða þriðjungur félagsdeilda krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Nú hefir stjórn eigi boðað fund innan 14 daga, eftir að henni barst krafan, og geta hlutaðeigendur þá sjálfir kvatt til fundar, sbr. og 22. gr.

Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

19. gr.

Á fundum í félagi, sem er óskipt heild, hafa allir félagsmenn atkvæðisrétt. En í félagi, sem skiptist í deildir, hafa fulltrúar deildanna einir atkvæðisrétt. Hve marga fulltrúa hver félagsdeild má senda á fund með fullu umboði, fer eftir tölu félagsmanna í deildinni, svo sem samþykktir félagsins nánar ákveða. Heimilt er þó að ákveða, til þess að tryggja viðskipti félagsdeilda við félag, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum deildanna við félagið.

Þar sem félag nær yfir tvær eða fleiri sýslur, má haga kosningum til félagsfunda eftir ákvæðunum um kosningar til fulltrúafunda í samvinnusamböndum, þannig, að hver sýsla félagsins kemur í stað félags í samvinnusambandi og kýs sameiginlega fulltrúa til félagsfunda, eftir því sem samþykktir nánar ákveða.

Aðalfundur er lögmætur, er meir en þriðjungur félagsmanna eða fulltrúar frá meira en helmingi félagsdeilda sækja fundinn, enda sé á fundinum meiri hluti þeirra fulltrúa, sem þar eiga atkvæðisrétt.

Úrslitum mála á félagsfundum ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða félagssamþykktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta.

20. gr.

Á aðalfundi skal kjósa stjórn, aðalmenn og varamenn, og gengur varamaður til fulls í stjórnina, ef aðalmaður deyr, gengur úr félaginu eða víkur úr stjórninni á löglegan hátt, áður en kjörtími hans er liðinn. Í samþykktum skal tiltaka tölu stjórnenda og kjörtíma, og séu þeir eigi færri en þrír. Skulu þeir ganga úr á víxl, og aldrei meiri hluti á sama ári, nema óviðráðanleg atvik valdi.

Engan má kjósa í stjórn nema hann sé félagsmaður.

Starfsmenn samvinnufélaga eru einnig kjörgengir, séu þeir félagsmenn.

21. gr.

Stjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur stjórnenda er á fundi. Stjórnin fer með málefni félagsins milli funda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Úrslitum ræður afl atkvæða, en séu þau jöfn, ræður atkvæði formanns.

Stjórnendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá, er látið hefir bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók félagsins.

22. gr.

Á aðalfundi skal kjósa tvo endurskoðendur og aðra tvo til vara. Kosning þeirra gildir um 2 ár, og ganga þeir úr sitt árið hvor.

Endurskoðendur skulu vera félagsmenn, en mega ekki vera í stjórn félagsins. Þeim er skylt að sannprófa, að reikningum beri saman við bækur félagsins, enda eigi þeir aðgang að öllum bókum og skjölum, hvenær sem er á starfstíma félagsins, og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Ennfremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu félagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álíta félaginu stafi hætta af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin, svo fljótt sem þörf krefur. En takist það eigi, skulu þeir kveðja til fundar í félaginu og bera málið þar upp til úrlausnar.

Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi.

23. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið svo tímanlega að endurskoðun geti farið fram áður en ársfundur er haldinn.

Á aðalfundi skal ávallt leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir umliðið ár og taka ákvörðun um þá. Nú fellir fundurinn tillögu um að samþykkja reikninga, og getur hann þá ákveðið, að yfirskoðun skuli fram fara eftir þeim reglum, er fundurinn setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni, skal af nýju boða til fundar, er tekur fullnaðarákvörðun um reikningana.

V. KAFLI

Skyldur og réttindi.

24. gr.

Í samþykktum félags skulu vera ákvæði um greiðslur í varasjóð og aðra óskiptilega tryggingarsjóði. Fé má ekki greiða úr varasjóði, nema eftir tillögu félagsstjórnar, í samráði við endurskoðendur og með samþykki aðalfundar, enda sé tillögunni fylgjandi eigi færri en $\frac{2}{3}$ þeirra félagsmanna eða fulltrúa, sem atkvæðisrétt eiga á fundinum.

25. gr.

Fé stofnsjóðs skal notað sem veltufé í þarfir félagsins, og skulu vextir lagðir við höfuðstólinn um hver áramót.

Stofnsjóðseign hvers félagsmanns fellur til útborgunar:

- a. Við andlát hans.
- b. Við burtflutning af félagssvæði.
- c. Við gjaldþrot hans.
- d. Verði hann fátækrastryksþurfi.

Þegar stofnsjóðseign félagsmanns verður meiri en svo, að nemi árlegri úttekt hans, eins og hún hefir verið að meðaltali 5 næstliðin ár, má greiða það, sem umfram er, niður að 300 kr., enda hafi hann ekki skipt við félagið skemur en 15 ár.

Aldrei má þó borga út stofnsjóðseign fyrr en eigandi hefir innt af hendi allar fjárhagslegar skuldbindingar, er á honum hvíla sem félagsmanni.

Ef eignatöp eða tekjuhalli hefir orðið hjá félagi og tryggingarsjóðir þess nægja ekki til að greiða töpin eða hallann, og hætta er á, að félagið verði að hætta störfum af þeim orsökum, er félagsfundi eða fulltrúafundi heimilt að ákveða, að stofnsjóðsinnstæður félagsmanna og annarra, sem í stofnsjóði eiga, skuli notaðar til greiðslu á töpunum eða hallanum.

Að öðru leyti er stofnsjóðsfé óuppsegjanlegt, og verður ekki selt né af hendi látið á annan hátt, nema með samþykki félagsstjórnar.

26. gr.

Stjórnendur samvinnufélags mega ekki úthluta tekjuafgangi fyrr en:

1. Fasteignir, áhöld og aðrar eignir félagsins hafa verið afskrifaðar nægilega.
2. Áskilin gjöld í óskiptilega sjóði félagsins hafa verið greidd.

Í félögum, sem hafa vörukaup sem verksvið, má ekki greiða tekjuafgang út fyrr en minnst 3% af verði aðkeyptra vara, sem félagsmenn hafa keypt, hefir verið lagt í stofnsjóð.

27. gr.

Framleiðslusamvinnufélög greiða laun til starfsmanna sinna í samræmi við vinnuframlag hvers og eins. Laun skulu þó aldrei vera lakari en gildandi kjarasamningar viðkomandi verkalýðsfélaga við atvinnurekendur á svæðinu. Framleiðslusamvinnufélög skulu hafa nána samvinnu við viðkomandi verkalýðsfélög vegna kaupgjaldsmála og vinna að sameiginlegum hagsmunum verkafólks.

28. gr.

Ef tvö eða fleiri samvinnufélög óska að sameinast, skal samhljóða ályktun um það efni samþykkt í báðum eða öllum félögum á tveim lögmætum félagsfundum í röð, og séu henni fylgjandi eigi færri en $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi ályktunin í félagi, sem skiptist í deildir, verið borin undir deildarfundi milli félagsfunda og samþykkt af þeim með meiri hluta atkvæða.

Skrásetning framangreindrar ályktunar er fullnægjandi afsal á eignum hinna einstöku félaga til hins sameinaða félags. Þinglýsingar- og stimpilgjald skal eigi greiða vegna slíkrar eignayfirfærslu.

Þegar slík ályktun er skrásett, skal afmá nöfn hinna einstöku félaga úr samvinnufélagskrá. Hin einstöku félög mega skuldskeyta hið sameinaða félag. Réttur kröfuhafa má þó ekki rýrna við það.

29. gr.

Samvinnufélög hafa heimild til að stofna og starfrækja innlánsdeild, er tekur við innlögum frá félagsmönnum til ávöxtunar sem rekstrarfé. Um útborganir á innlögum fer eftir ákvæðum félagssamþykktta.

Til tryggingar fyrir fé því, sem lagt er í innlánsdeild, er varasjóður félagsins og aðrar eignir þess, ásamt ábyrgð félagsmanna.

30. gr.

Heimilt er samvinnufélögum, er leysa borgarabréf, að hafa verzlunarviðskipti við utanfélagsmenn, hvort heldur er aðaldeild félagsins eða útibú. Enn fremur er þeim heimilt að hafa útsölastaði í sama kaupúni, svo marga sem viðskiptaþörf krefur.

VI. KAFLI

Samvinnusambönd.

31. gr.

Ef 3 eða fleiri samvinnufélög með líku verksviði koma sér saman um að mynda samband sem sérstakt félag, skulu um stofnun þess, skrásetningu og skipulag gilda sömu ákvæði sem um samvinnufélög yfirleitt, að því leyti sem þau eiga við.

Hvert það félag, sem fullnægir ákvæðum laga þessara og skilyrðum þeim, er sambandið setur, hefir rétt til upptöku.

32. gr.

Æðsta vald í sambandsmálum er í höndum fulltrúafunda. Fulltrúar eru kosnir af félögum þeim, sem eru í sambandinu, og fer tala þeirra, er hvert félag má senda á sambandsfund, eftir tölu félagsmanna. Heimilt er þó að ákveða, til þess að tryggja viðskipti félaga við samband, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum félaganna við sambandið.

Einn aðalfund skal halda ár hvert, og aukafundi þá er stjórn þess þykir nauðsyn á eða meiri hluti fulltrúa óskar. Sambandsfundur er lögmætur, þegar meiri hluti fulltrúa sækir fundinn. Úrslitum mála ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða sambandsamþykktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta.

33. gr.

Sambandsstjórn skal kosin á aðalfundi, og séu í henni eigi færri en 3 menn. Stjórnin boðar til fulltrúafunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda, leggur fyrir aðalfund endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir næsta ár á undan, hefir umsjón með sjóðeignum, húsum, áhöldum og öðrum eignum og gætir hagsmuna sambandsins í öllum greinum.

Sambandsstjórn ræður framkvæmdastjóra til þess að standa fyrir starfrækslu sambandsins, sjá um viðskipti og annast reikningsskil. Hún gerir við hann starfssamning, er skal lagður fyrir fulltrúafund til álita.

34. gr.

Endurskoðun reikninga hafa á hendi tveir menn, er aðalfundur kýs. Þeir skulu rannsaka reikningsskil, starfrækslu og allan hag sambandsins. Tillögur þeirra skulu lagðar fyrir aðalfund til úrskurðar ásamt ársreikningum.

Heimilt er sambandsstjórn að hafa eftirlit með öllum félögum í sambandinu, á þann hátt að láta trúnaðarmann sinn rannsaka reikninga þeirra, starfshætti og efnahag. Yfirskoðunarmaður þessi hlutast til um, að bót sé á ráðin, ef misfellur eru, og gefur félagsstjórn leiðbeiningar í því, sem betur má fara, en lætur sambandsstjórn í té skýrslu um árangur af rannsókninni.

VII. KAFLI

Félagsslit.

35. gr.

Samvinnufélagi skal slíta, ef ályktun um það er samþykkt af tveim lögmetum félagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi ályktunin í félagi, sem skiptist í deildir, verið borin undir deildarfundi, milli félagsfunda, og samþykkt af þeim með meiri hluta atkvæða.

36. gr.

Þegar fundur ákveður félagsslit getur hann annaðhvort afhent félagsbúið skiptarétti til meðferðar eða kosið skilanefnd til þess að fara með mál félagsins, meðan á félagsslitum stendur. Í skilanefnd er einn maður eða fleiri, löggiltir af dómsmálaráðherra. Skilanefnd kemur í stað stjórnar félagsins og hefir samskonar vald og skyldur og ábyrgð. En félagsfundur getur sett nefndarmenn frá starfinu, hvenær sem er. Meðan skilanefnd stjórnar félagi, gilda reglur laga þessara um félagsfundi, reikningsskil og endurskoðun.

Um meðferð skilanefndar á félagsbúi gilda ákvæði skiptalaganna, að því leyti sem við á, og ber skilanefnd að haga störfum sínum eftir þeim. Félagsslit skal jafnan tilkynna lögreglustjóra, og skal hann þá afmá skrásetningu félagsins.

37. gr.

Skilanefnd skal birta áskorun til skuldheimtumanna félagsins um að lýsa kröfum sínum fyrir henni, með sama hætti og sömu verkum sem segir í 2. gr. laga nr. 19 frá 4. júní 1924. Þegar skuldir félagsins eru greiddar eða trygging sett og félagsfundur hefir samþykkt fullnaðarreikninga skilanefndar, má greiða félagsmönnum og öðrum, sem eiga í stofnsjóði, stofnsjóðsinnstæður. Stofnsjóðsinnstæður má ekki skuldajafna.

Ágreining um skuldakröfu og stofnsjóðsinnstæður má bera undir skiptarétt þann, er átt hefði að fara með bú félagsins, ef það hefði verið tekið til opinberra skipta.

38. gr.

Sömu aðiljar, sem ráða félagsslitum, geta stöðvað þau á hvaða stigi sem er, fengið félagsbúið aftur afhent sér í hendur og haldið áfram starfsemi félagsins af nýju. En þar að lútandi ályktun skal vera samþykkt með sama hætti og hin upphaflega ályktun um félagsslitin.

39. gr.

Stjórn samvinnufélags er rétt og skylt að framselja bú þess til gjaldþrotaskipta á sama hátt, sem einstakur maður getur gert eða er skyldur að gera um bú sitt. Á henni hvíla samsvarandi skyldur sem einstökum mönnum til þess að veita skiptarétti upplýsingar um búið, enda liggur sama við, ef út af er brugðið.

Skiptaréttur skal tilkynna til skrásetningar upphaf og lok gjaldþrotaskipta.

40. gr.

Ef svo ber til, að samvinnufélag, sem skrásett hefir verið, fullnægir ekki ákvæðum laga þessara, og þess er ekki kostur að koma því aftur í löglegt horf, er stjórn félagsins skylt, innan eins árs, að tilkynna það lögreglustjóra, svo að skrásetning þess verði afmáð, enda nýtur það úr því engra réttinda samkvæmt lögum þessum.

41. gr.

Bækur félags, sem slitið er, eru ríkiseign, og skal afhenda þær á þjóðskjalasafnið. Sama gildir um bækur annarra félaga, sem orðnar eru eldri en svo, að nota þurfi í þarfir félagsins.

VIII. KAFLI

Ýmisleg ákvæði.

42. gr.

Þangað til að fram hefir farið gagngerð endurskoðun á löggjöfnni um tekjur sveitar- og bæjarsjóða, greiða samvinnufélög gjöld til þeirra sem hér segir:

1. Skatt af lóðum og öðrum fasteignum eftir því sem lög mæla fyrir.
2. og 3. . . .

Um gjöld til ríkissjóðs fer eftir almennum lögum.

43. gr.

Ef stjórnendur eða skilaneftarmenn herma vísitandi rangt eða villandi í skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til félagsfunda eða forráðamanna, eða í tilkynningum til skrásetningar, skulu þeir sæta sektum eða fangelsi, samkv. 26. gr. hinna almennu hegningarlaga, nema verkið varði þyngri refsingu að lögum.

Sömuleiðis liggja sektir við, . . . ef þeir herma vísitandi eða af stórfelldu gáleysi rangt eða villandi frá öðrum skjölum, viðskiptabréfum, umburðarbréfum eða tilkynningum um eignir og efnahag félags, er þeir stýra, eða ef þeir brjóta ákvæði 26. gr.

Ennfremur varðar það sektum, . . . að vanrækja tilkynningu til skrásetningar lögum þessum samkvæmt.

44. gr.

Mál út af brotum þeim, sem um er rætt í undanfarandi grein, skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

45. gr.

. . .

46. gr.

Félögum, sem skrásett eru eftir lögum þessum, er einum heimilt að hafa orðin „kaupfélag“, „samvinnufélag“, „pöntunarfélag“, „framleiðslusamvinnufélag“ eða önnur orð, sem merkja samvinnufélag í nafni sínu, eða skammstafanir úr þessum orðum.